

## Fyrirkomulag samstarfs, verkaskiptingar og stjórnunar BBB

Í markmiðsgrein samnings VEL og SFS um samstarf og verkaskiptingu milli sviðanna vegna innleiðingar og framkvæmdar verkefnisins Betri borg fyrir börn í öll hverfi borgarinnar segir: „Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna krefjast nýrra vinnubragða í samskiptum þeirra sem veita börnum og fjölskyldum þjónustu. Innleiðing á verkefninu Betri borg fyrir börn í öllum borgarhlutum er liður í breyttum vinnubrögðum þar sem lögð er áhersla á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs með það að markmiði að samhæfa og bæta þjónustu við notendur, börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Jafnframt er markmiðið að bæta stjórnun og auka stuðning við stjórnendur og starfseiningar skóla- og frístundasviðs í borgarhlutum með fagstjórum leik- og grunnskóla og mannauðs- og fjármálaráðgjöfum.“

[Betri borg fyrir börn](#) (BBB) er leið Reykjavíkurborgar til að samræma Farsældarlögin við Mennta- og Velferðarstefnu borgarinnar.


Í miðstöðvum Reykjavíkurborgar, sem eru fjórar, geta íbúar borgarinnar nálgast fjölbreytta þjónustu, upplýsingar og ráðgjöf. Þar er meðal annars veittur stuðningur við börn, ungmenni, fjölskyldur, aldraða og fatlaða. Lögð er mikil áhersla á faglegt starf og farsælt samstarf við íbúa, félagasamtök og stofnanir þeirra hverfa sem tilheyra hverri miðstöð. Lögð er áhersla á að hver miðstöð sé góður og samheldinn vinnustaður. Á miðstöðinni eru bæði sérverkefni beggja sviða og sameiginleg verkefni undir BBB.

Gerð er grein fyrir fyrirkomulaginu í meðfylgjandi mynd. Nánari útskýringar eru í texta fyrir neðan myndina.



## Miðstöð - þjónustupættir

### SKÓLA- OG FRÍSTUNDAÞJÓNUSTA



### VELFERÐARÞJÓNUSTA



### BETRI BORG FYRIR BÖRN

Í miðstöðinni sameinast skóla-, frístunda- og velferðarþjónusta í nærumhverfi barna og ungmenna. Þaðan er verkefninu Betri borg fyrir börn framfylgt en það miðar að því að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Á miðstöðinni eru allir lykilaðilar í þjónustu

við börn og fjölskyldur á sama stað sem er grundvöllur þess að hægt sé að bregðast við áskorunum sem upp kom í lífi barna og ungmenna eins fljótt og mögulegt er.

Í miðstöðinni er skóla- og frístundapjónusta sem og yfirstjórn leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva, frístundaheimila og félagsmiðstöðva í hverfinu, auk almennrar ráðgjafar við stjórnendur og starfsfólk starfsstaða, sjá [skipurit skóla- og frístundasviðs](#). Fagstjórar og framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar bera ábyrgð á skóla- og frístundapjónustu í miðstöðinni. Þeir heyra undir skrifstofustjóra á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs í Borgartúni.

Í miðstöðinni er veitt fjölbreytt velferðarpjónusta. Þar eru deildir fatlaðs fólks, eldra fólks, virkni og ráðgjafar (fullorðnir, 18-67) og barna og fjölskyldna, sbr. mynd að ofan og einnig [skipurit velferðarsviðs](#). Þá starfa í miðstöðinni sérfræðingar í fjármálum og mannauði sem styðja starfseiningar sviðanna í hverfinu.

Framkvæmdastjóri miðstöðvar fer með stjórnunarlega og rekstrarlega ábyrgð á velferðarmálum á miðstöð auk þess sem hann stýrir framkvæmdaráði miðstöðvar en hlutverk þess er að stuðla að því að miðstöð sé samheldinn og góður vinnustaður.

## Stjórnunar- og innleiðingarhópar

Hér verður gerð grein fyrir helstu hópum vegna stjórnunar og innleiðingar BBB. Fundir hópa skulu boðaðir með dagskrá, fundargerð rituð og vistuð í Hlöðunni. Ef hópar gera fundargerðir í öðrum forritum skal færa þær í Hlöðuna a.m.k. árlega.

### Eigendahópur BBB

Hlutverk: Heildarumsjón og yfirstjórn BBB í Reykjavík.

Skipan: Sviðsstjórar velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs, skrifstofustjóri barna- og fjölskyldumála á skrifstofu velferðarsviðs, framkvæmdastjóri einnar miðstöðvar (skipt árlega), tveir skrifstofustjórar á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, oddviti stjórnendateymis skóla- og frístundasviðs frá einni miðstöð (skipt árlega), fulltrúi Barnaverndar og verkefnastjórar farsældar barna. Með hópnum starfa staðgenglar sviðsstjóra eftir þörfum.


Verkefnisstjórar farsældar barna hafa umsjón með fundunum. Eigendahópur fundar að jafnaði mánaðarlega.

### Samráðshópur BBB

Hlutverk: Að fjalla um stöðu innleiðingar BBB, ákvarðanir eigendahóps og hvernig gengur á vettvangi, að mynda samfellu og skipuleggja upplýsingagjöf þar á milli. Fundir eigendahóps og samráðshóps BBB eru haldnir í sömu viku mánaðarins. Samráðshópurinn ákveður hverjir og hvernig ákvörðunum og upplýsingum er komið áfram til viðeigandi teyma á vettvangi. Það er gert í gegnum fundargerðir samráðshóps BBB þar sem upplýsingar og ákvarðanir sem koma þarf til framkvæmda eru skráðar.

Skipan: Verkefnisstjórnir BBB úr miðstöðvum, verkefnisstjórar SFS í teymi menntunar fyrir alla, fulltrúar frá skrifstofu ráðgjafarpjónustu VEL, skrifstofustjórar fagskrifstofu SFS. Deildastjórar og teymisstjórar deilda barna og fjölskyldna, fagstjórar leik- og grunnskóla, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðvar og verkefnisstjórar farsældar barna.

Verkefnisstjórar farsældar barna hafa umsjón með fundunum. Samráðshópur BBB fundar að jafnaði mánaðarlega.



### Verkefnastjórnir BBB í miðstöðvum

Hlutverk: Stýra verkefninu BBB innan borgarhlutans og tryggja framgang þess.

Skipan: Framkvæmdastjóri miðstöðvar, deildarstjóri deildar barna og fjölskyldna í miðstöð, staðgengill deildarstjóra/teymisstjóra, fagstjórnir leik- og grunnskóla og framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar. Verkefnisstjóri félagsauðs og forvarna starfar með verkefnisstjórnnum eftir þörfum.

Framkvæmdastjóri miðstöðvar er formaður verkefnastjórnar og boðar fundi. Verkefnisstjórnir funda reglulega, a.m.k. tvisvar sinnum í mánuði. Verkefnastjórnirnar fjórar funda saman reglulega.

### Framkvæmdaráð miðstöðvar

Hlutverk: Framkvæmdaráð tryggir að miðstöð sé samheldinn og góður vinnustaður og mótir fyrirkomulag og dagskrá sameiginlegra funda og viðburða.

Skipan: Framkvæmdastjóri miðstöðvar, oddviti stjórnendateymis skóla- og frístundajónustu og mannauðsráðgjafar beggja sviða. Framkvæmdaráðið getur ákveðið að fleiri taki þátt í vinnu ráðsins.

Framkvæmdastjóri miðstöðvar stýrir framkvæmdaráðinu. Framkvæmdaráðið fundar reglulega og tekur sameiginlega ákvörðun um hversu ört fundir þurfa að vera.

### Stjórnendateymi skóla- og frístundajónustu í miðstöð

Hlutverk: Eru yfirmenn leikskólastjóra, skólastjóra og forstöðumanna frístundastarfs í borgarhlutanum. Stýra sérfræðingum á skóla- og frístundajónustu miðstöðvarinnar sem veita stuðning inn í starfseiningar sviðsins í borgarhlutanum. Eru í verkefnisstjórn BBB í borgarhlutanum.

Skipan: Fagstjórar leikskóla og grunnskóla og framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar. Teymið fundar reglulega með mannauðs- og fjármálaráðgjafa borgarhlutans.

Árlega skal teymið velja einn úr hópnum sem oddvita sem ber ábyrgð á boðun funda þess og hefur umsjón með samhæfingarverkefnum. Teymið fundar reglulega.

### **Stjórnendateymi velferðarsviðs í borgarhluta**

Hlutverk: Stýrir starfsemi velferðarsviðs í borgarhlutanum.

Skipan: Framkvæmdastjóri og deildarstjórar. Mannauðsráðgjafi og deildarstjóri fjármála og reksturs áheyrnaraðilar.

Framkvæmdastjóri miðstöðvar stýrir stjórnendateyminu og boðar fundi þess. Teymið fundar reglulega.

### **Samstarf mannauðráðgjafa í miðstöðvum**

Mannauðsráðgjafar heyra undir velferðarsvið og skóla- og frístundasvið eftir því sem við á. Samstarf þeirra varði eins og kostur er mannauðsráðgjöf innan miðstöðvar, samræmingu á milli miðstöðva, stuðning við þjónustu á vettvangi og innleiðingu verklags í málefnum sem varða alla borgarstarfsemina.

Mannauðsráðgjafar í hverri miðstöð fyrir sig bera ábyrgð á samtali um samlegðaráhrif og mögulegu samstarfi innan hvers miðstöðvar fyrir sig. Mannauðsstjórar skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs bera ábyrgð á samtali og samstarfi sem snýr að samræmingu og samstarfi á milli miðstöðva.

### **Samstarf fjármálaráðgjafa og deildarstjóra fjármála og reksturs í miðstöðvum**

Fjármálaráðgjafar og deildarstjórar fjármála og reksturs heyra undir velferðarsvið og skóla- og frístundasvið eftir því sem við á. Samstarf þeirra varðar eins og kostur er fjármálaráðgjöf innan miðstöðvar, samræmingu á milli miðstöðva, stuðning við þjónustu á vettvangi og innleiðingu verklags í málefnum sem varða alla borgarstarfsemina.

Fjármálaráðgjafar og deildarstjórar fjármála og reksturs í hverri miðstöð fyrir sig bera ábyrgð á samtali um samlegðaráhrif og mögulegu samstarfi innan hvers miðstöðvar fyrir sig. Fjármálastjórar skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs bera ábyrgð á samtali og samstarfi sem snýr að samræmingu og samstarfi á milli miðstöðva.

## **Fundaskipulag**

Til að ná fram markmiðum þeim sem vikið er að í upphafi þessa viðauka er mikilvægt að fundir séu vel skipulagðir út frá dagskrá, stuttir og hnitmiðaðir. Horft sé til heildarskipulags funda innan miðstöðvar, sem og á milli miðstöðva og til miðlægra skrifstofa sviðanna til að auðvelda skipulag funda þvert á borgina.